

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.**

**Árshlutareikningur samstæðu 1. mars - 31. ágúst 2022**

**Efnisyfirlit****Bls.**

Skýrsla stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda .....	5
Samandreginn rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 .....	6
Samandregið yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 .....	6
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. ágúst 2022 .....	7
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 .....	9
Samandregið sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2022 .....	10
Skýringar .....	11

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.**

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar og forstjóra

### Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu visri.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Ölgerðinnar og dótturfélaganna Danól ehf. og G7-11 fasteignafélags ehf. Samstæðan skiptist í þrjá starfshætti; Egils óáfengt, Egils áfengt og Danól. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

### Fréttir úr starfseminni

Rekstur Ölgerðarinnar gekk vel á tímabilinu og var vörusala samstæðu Ölgerðarinnar 22,5% hærrí en á sama tímabili í fyrra. Munar þar mest um kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf. Sala til hótela og veitingastaða er í mikilli aukningu ásamt því að Ölgerðin er að styrkja sína stöðu á lykilmörkuðum. Með fjárfestingu í nýja framleiðslusalnum hefur þakningamöguleikum í drykkjavörum fjölgað mikið sem gefur tækifæri til að bjóða fjölbreyttara vöruúrval. Sala á björum Ölgerðarinnar heldur áfram að aukast. Hlutdeild í bjórsölu ÁTVR hefur aukist á tímabilinu og sala til veitingahúsa hefur aukist um rúmlega 50%. Gull Lite er nú söluhæsti bjór landsins og eitt af fimm verðmætustu vörumerkja fyrirtækisins.

Framleiðsla á vatni til útflutnings heldur áfram að aukast og hefur nú tvöfaldast frá árinu 2020. Ölgerðin sér um framleiðslu fyrir hlutdeildarfélag sitt, Iceland Spring. Framleiðslugeta vatnslínu verður brátt fullnýtt og nauðsynlegt að huga að afkastaaukningu hvort sem það verður í nafni Ölgerðarinnar eða Iceland Spring.

Á tímabilinu fékk Ölgerðin formlega afhenta framleiðslulínuuna frá vélaframleiðandanum Kronos AG. Samhliða afhendingunni var lokagreiddsla fyrir vélina greidd í júní 2022. Fyrstu pantanir og greiðslur vegna endurbóta á eldri framleiðslusal hafa einnig verið framkvæmdar. Útlit er fyrir að endurbæturnar og greiðslur þeim tengdar muni eiga sér stað seinna en áður var áætlað vegna lengri póntunar- og afhendingartíma.

Þann 25. maí fékk Danól ehf. svar frá Skattinum við mótmælum félagsins við endurálagningu á tollum vegna árána 2019 og 2020. Niðurstaða Skattsins var að Danól ehf. bæri að greiða endurálagninguna með fullu álagi og dráttarvöxtum og var það gert samdægurs. Það var gert ráð fyrir þessari niðurstöðu í ársuppgjöri fyrir fjárhagsárið 2021 og hefur niðurstaða Skattsins því ekki áhrif á afkomu þessa árshlutauppgjör. Þann 24. ágúst 2022 var niðurstaða Skattsins kærð til yfirskattanefndar.

Þann 27. maí 2022 lauk hlutfjárútbóði á 29,5% af þegar útgefnum hlutum í Ölgerðinni sem var undanfari skráningar félagsins á aðalmarkað Kauphallarinnar. Rúmlega fjórföld eftirspurn var eftir hlutfé í Ölgerðinni og bættust milli 6-7000 nýir hluthafar í hópinn. Skráningin fór svo fram þann 9. júní 2022 og fyrstu viðskipti með bréfin þann dag. Allt ferlið gekk vel og niðurstaða útbóðsins var mjög góð fyrir Ölgerðina og mun skráningin án efa styrkja félagið til lengri tíma lítið. Samhliða skráningu Ölgerðarinnar tók stjórn félagsins ákvörðun um að gefa öllu fastráðnu starfsfólki hlutfé í Ölgerðinni. Samtals voru 16,0 millj. hlutir gefnir og fengu þeir aðilar mest sem höfðu starfað 5 ár eða lengur hjá fyrirtækinu. Hluti starfsfólks seldi hluta af sínum bréfum strax aftur til Ölgerðarinnar á sama gengi og útbóðsgengi (8,9) og notaði söluandvirðið til að greiða staðgreiðslu skatta af gjöfinni. Nettó voru 15,3 millj. hlutir afhentir til 334 einstaklinga þann 9. júní 2022. Ölgerðin hafði keypt þessi bréf á sama verði (8,9) í maí 2022.

### Rekstur og fjárhagsleg staða

Reksturinn á tímabilinu einkenndist af miklum vexti. Vörusala samstæðunnar nam 19,7 ma. kr. og hækkaði um 22,5% frá sama tímabili 2021. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hækkaði um 577 mkr. frá sama tímabili 2021 og nam 2.507 mkr. Hagnaður tímabilsins nam 1.408 mkr. og hækkaði um 389 mkr. milli ára. Eigið fé Ölgerðarinnar var 9,1 ma. kr. og eiginfjárlutfallið 35,2%. Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé (NIBD) lækkuðu um 881 mkr. á tímabilinu og námu 7,5 ma. kr. þann 31. ágúst 2022. Meðal stöðugildi voru 385 á tímabilinu og jukust um 34,7 á milli ára. Munar mest um fjölgun í vöruhúsi vegna aukinna umsvifa og fjölgun starfsfólks hjá Danól ehf. í tengslum við kaup á viðskiptasamböndum frá Ásbirni Ólafssyni ehf.

Afkomuspá stjórnarenda var uppfærð 27. sept 2022. Hún gerir ráð fyrir að EBITDA afkoma ársins verði á bilinu 4,1 - 4,4 ma. kr.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2022 til 31. ágúst 2022 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2022. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 11. október 2022.

Stjórn:

---

Októ Einarsson, stjórnarformaður

---

Hermann Már Þórisson

---

Rannveig Eir Einarsdóttir

---

Jóhannes Hauksson

---

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Forstjóri:

---

Andri Þór Guðmundsson

## Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf.

### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning samstæðu Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2022. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 11. október 2022

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Kristinn Kristinsson

## Samandreginn rekstrarreikningur tímabilsins 1. mars - 31. ágúst 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar	1. júní - 31. ágúst		1. mars - 31. ágúst	
	2022	2021	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>				
Vörusala .....	10.589.763	8.792.240	19.672.306	16.053.341
Áfengis- og skilagjald .....	(2.933.722)	(2.602.514)	(5.351.762)	(4.710.562)
Vörusala nettó .....	4 7.656.041	6.189.726	14.320.544	11.342.779
Aðrar rekstrartekjur .....	12.563	11.808	16.221	21.233
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	7.668.604	6.201.534	14.336.765	11.364.012
<b>Rekstrargjöld</b>	5			
Framleiðslukostnaður .....	4.361.525	3.541.336	8.339.438	6.642.193
Annar rekstrarkostnaður .....	1.762.849	1.387.887	3.490.567	2.792.148
	6.124.374	4.929.223	11.830.006	9.434.341
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>	1.544.229	1.272.311	2.506.759	1.929.671
Afskriftir .....	6 (215.595)	(243.948)	(425.574)	(430.814)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	1.328.634	1.028.363	2.081.185	1.498.857
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Fjármunatekjur .....	12.914	8.775	25.683	11.030
Fjármagnsgjöld .....	(180.323)	(108.131)	(327.650)	(211.388)
Gengismunur .....	(63.701)	(23.283)	(22.122)	8.719
	(231.110)	(122.639)	(324.089)	(191.639)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага .....	9.209	(30.109)	2.520	(24.895)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	1.106.733	875.616	1.759.616	1.282.324
Tekjuskattur .....	(219.509)	(182.524)	(351.419)	(262.823)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	887.224	693.092	1.408.197	1.019.501
<b>Hagnaður á hlut</b>				
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut .....	0,32	0,25	0,50	0,36
Þynntur hagnaður á útistandandi hlut .....	0,31	0,25	0,49	0,36

## Yfirlit um heildarafkomu tímabilsins 1. mars - 31. ágúst 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	1. júní - 31. ágúst		1. mars - 31. ágúst	
	2022	2021	2022	2021
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	887.224	693.092	1.408.197	1.019.501
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarféлага .....	(286)	20.577	0	843
<b>Heildarafkoma tímabilsins til eigenda félagsins</b>	886.937	713.669	1.408.196	1.020.344

## Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. ágúst 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýringar	31. ágúst 2022	28. febrúar 2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	7	7.358.548	7.340.838
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	9.643.075	9.523.128
Húsaleiguréttindi .....		155.406	153.629
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		739.658	737.138
Kröfur á hlutdeildarfélög .....		66.484	69.020
Skuldabréf og áhættufjármunir .....		358.604	417.142
		<u>18.321.776</u>	<u>18.240.895</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		2.978.157	2.364.878
Víðskiptakröfur .....		2.896.523	2.256.870
Aðrar skammtímakröfur .....		9.127	31.616
Handbært fé .....		1.541.819	658.974
		<u>7.425.626</u>	<u>5.312.338</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>25.747.402</u></u>	<u><u>23.553.233</u></u>

## Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 31. ágúst 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31. ágúst 2022	28. febrúar 2022
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		2.806.647	2.806.965
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		1.102.553	1.105.058
Sérstakt endurmat .....		321.888	321.888
Aðrir liðir .....		1.800.337	1.389.817
Óráðstafað eigið fé .....		<u>3.031.179</u>	<u>2.026.238</u>
		<u>9.062.605</u>	<u>7.649.966</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir .....	8	8.065.702	8.202.865
Húsaleiguskuldbinding .....		143.571	143.039
Tekjuskattsskuldbinding .....		<u>2.064.322</u>	<u>1.942.412</u>
		10.273.595	10.288.316
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir .....		369.691	207.523
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum og húsaleiguskuldb. ....	8	447.824	471.186
Reiknaðir skattar tímabilsins .....		228.422	236.034
Viðskiptaskuldir .....		2.708.653	2.306.261
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>2.656.612</u>	<u>2.393.946</u>
		6.411.202	5.614.952
<b>Skuldir samtals</b>		16.684.797	15.903.268
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>25.747.402</u>	<u>23.553.233</u>



## Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu 1. mars - 31. ágúst 2022

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2022:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Aðrir liðir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða 1.3.2022 .....	2.806.965	1.105.058	321.888	1.389.817	2.026.238	7.649.966
Hagnaður tímabilsins .....	0	0	0	0	1.408.197	1.408.197
Þýðingarmunur .....	0	0	0	0	0	0
<b>Heildarafkoma tímabilsins .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.408.197</b>	<b>1.408.196</b>
Keypt eigin bréf .....	(317)	(2.505)	0	0	0	(2.822)
Kaupréttarsamningar .....	0	0	0	7.263	0	7.263
Hlutdeildartekjur .....	0	0	0	403.257	(403.257)	0
Staða 31.8.2022 .....	2.806.647	1.102.553	321.888	1.800.337	3.031.179	9.062.605
<b>Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2021:</b>	<b>Hlutfé</b>	<b>Yfirverðs- reikningur</b>	<b>Sérstakt endurmat</b>	<b>Aðrir liðir</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Eigið fé samtals</b>
Staða 1.3.2021 .....	2.806.965	1.105.058	321.888	780.060	920.528	5.934.499
Hagnaður tímabilsins .....	0	0	0	0	1.019.501	1.019.501
Þýðingarmunur .....	0	0	0	843	0	843
<b>Heildarafkoma tímabilsins .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>843</b>	<b>1.019.501</b>	<b>1.020.344</b>
Seld eigin bréf .....	0	0	0	0	0	0
Kaupréttarsamningar .....	0	0	0	569	0	0
Hlutdeildartekjur .....	0	0	0	95.190	(165.278)	(70.088)
Staða 31.8.2021 .....	2.806.965	1.105.058	321.888	876.662	1.774.751	6.884.755

## Sjóðstreymisýfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýringar	1. mars - 31. ágúst	
		2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins .....		1.408.197	1.019.501
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Kaupréttarsamningar .....		7.263	569
Afkoma hlutdeildarféлага .....		(2.520)	24.895
Hagnaður (tap) af sölu á varanl. rekstrarfjármunum .....		(1.532)	(4.653)
Afskriftir og virðisrýrnun .....		425.574	430.814
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....		121.910	31.343
Hreint veltufé frá rekstri		1.958.892	1.502.468
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(617.165)	(270.107)
Birgðir .....		(613.308)	(466.135)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		772.935	1.548.695
		(457.538)	812.453
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.501.355</b>	<b>2.314.922</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting .....	6	(532.755)	(1.290.150)
Keyptar óefnislegar eignir .....	7	(125.000)	0
Skuldabréf, breyting .....		58.538	(51.702)
Tengd félög, breyting .....		2.536	(2.663)
		(596.681)	(1.344.515)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skammtímalán, breyting .....		162.168	202.764
Ný langtímalán .....	8	22.826	0
Afborganir langtímalána .....	8	(192.953)	(171.542)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar .....		(11.049)	(8.412)
Viðskipti með eigin bréf .....		(2.822)	0
		(21.830)	22.810
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		<b>882.844</b>	<b>993.217</b>
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		658.974	690.751
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>		<b>1.541.819</b>	<b>1.683.969</b>

## Skýringar

### 1. Almennar upplýsingar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutfélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Samstæðuárshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“.

Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

### 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars - 31. ágúst 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 28. febrúar 2022. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, [www.olgerdin.is/fjarfestar](http://www.olgerdin.is/fjarfestar).

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum (ISK) og þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

#### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 3. Starfsþáttayfirlit

Samstæðunni er skipt í þrjá starfsþætti, Egils áfengt, Egils óáfengt og Danól, samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

1. mars - 31. ágúst 2022	Egils áfengt <sup>1)</sup>	Egils óáfengt <sup>2)</sup>	Danól <sup>3)</sup>	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur samtals .....	9.483.543	5.454.697	4.750.286	19.688.527
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) .....	981.395	1.207.628	317.736	2.506.759
Rekstrarhagnaður .....	776.795	1.008.643	295.747	2.081.185
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) og áhrif hlutdeildarfélaga .....				(321.569)
Tekjuskattur .....				(351.419)
Hagnaður tímabilsins .....				1.408.197

1. mars - 31. ágúst 2021	Egils áfengt <sup>1)</sup>	Egils óáfengt <sup>2)</sup>	Danól <sup>3)</sup>	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur samtals .....	7.904.549	4.693.176	3.476.849	16.074.575
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) .....	743.913	963.119	222.638	1.929.671
Rekstrarhagnaður .....	508.738	785.307	204.812	1.498.857
Fjármunatekjur, (fjármagnsgjöld) og áhrif hlutdeildarfélaga .....				(216.533)
Tekjuskattur .....				(262.823)
Hagnaður tímabilsins .....				1.019.501

<sup>1)</sup> Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

<sup>2)</sup> Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

<sup>3)</sup> Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

### 4. Seldar vörur

Megin starfsemi samstæðunnar er fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara.

## Skýringar (framhald)

### 5. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:	1.3 - 31.8.2022	1.3 - 31.8.2021
Vörunotkun .....	7.297.637	5.754.800
Annar framleiðslukostnaður .....	445.820	377.515
Kostnaðarverð seldra vara .....	7.743.457	6.132.314
Laun og launatengd gjöld .....	2.041.084	1.727.774
Markaðs- og sölukostnaður .....	1.050.324	846.991
Annar kostnaður .....	995.141	727.261
	11.830.006	9.434.341
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	1.644.926	1.414.483
Lífeyrissjóðsgjöld .....	236.727	195.887
Önnur launatengd gjöld .....	152.168	116.836
Kostnaður vegna kaupréttasamninga .....	7.263	569
	2.041.084	1.727.774

Skipting rekstrarkostnaðar og launa og launatengdra gjalda milli framleiðslukostnaðar og annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi hefur verið uppfærð frá fyrri uppgjörum.

## Skýringar (framhald)

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir	Bífreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð 1. mars 2021 .....	5.072.792	356.072	2.720.131	8.148.997
Viðbót tímabilsins .....	726.742	121.330	1.356.299	2.204.373
Bókfært verð seldra eigna .....	0	(48.920)	0	(48.920)
Afskriftir .....	(184.678)	(89.320)	(507.323)	(781.322)
Bókfært verð 28. febrúar 2022 .....	5.614.856	339.162	3.569.106	9.523.128

#### Bókfært verð 28. febrúar 2022 greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	7.191.342	688.286	7.191.214	15.070.843
Uppsafnaðar afskriftir .....	(1.576.486)	(349.124)	(3.622.107)	(5.547.717)
Bókfært verð 28. febrúar 2022 .....	5.614.856	339.162	3.569.107	9.523.128

Bókfært verð 1. mars 2022 .....	5.614.856	339.162	3.569.107	9.523.128
Viðbót tímabilsins .....	193.882	36.409	317.526	547.819
Bókfært verð seldra eigna .....	0	(13.561)	0	(13.561)
Afskriftir .....	(110.102)	(45.918)	(258.291)	(414.312)
Bókfært verð 31. ágúst 2022 .....	5.698.636	316.092	3.628.342	9.643.075

#### Bókfært verð 31. ágúst 2022 greinist þannig:

Kostnaðarverð .....	7.342.857	702.958	7.232.468	15.278.283
Uppsafnaðar afskriftir .....	(1.644.220)	(386.866)	(3.604.126)	(5.635.212)
Bókfært verð 31. ágúst 2022 .....	5.698.637	316.092	3.628.342	9.643.075

Áætlaður nýtingartími eigna

Fasteignir .....	30 ár
Bífreiðar .....	3-9 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	3-15 ár

#### Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingatíma einstakra hluta rekstrarfjármuna.

Afskriftir greinast þannig:	1.3 - 31.8.2022	1.3 - 31.8.2021
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	414.312	420.683
Afskriftir leiguréttinda .....	11.262	10.131
	425.574	430.814

### 7. Óefnislegar eignir

	31.8.2022	28.2.2022
Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:		
Vörumerki .....	6.129.278	6.129.278
Viðskiptasambönd .....	1.229.270	1.211.560
Bókfært verð í lok tímabilsins .....	7.358.548	7.340.838

## Skýringar (framhald)

### 8. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir í íslenskum krónum:	31.8.2022	28.2.2022
Óverðtryggðar skuldir .....	8.492.108	8.654.093
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(426.406)	(451.227)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	8.065.702	8.202.865

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 31. ágúst 2022 voru 7,7% (28. febrúar 2022: 5,7%). Á síðasta rekstrarári var gerður vaxtaskiptasamningur við lánastofnun þar sem vaxtafæti 630 mkr. skuldanna var breytt yfir í fasta 2,25% vexti í USD.

Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(426.406)	(451.227)
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar .....	(21.418)	(19.959)
	(447.824)	(471.186)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.8.2022	28.2.2022
Afborganir innan 12 mánaða .....	426.406	451.227
Afborganir eftir 12-24 mánuði .....	5.216.764	451.227
Afborganir eftir 24-36 mánuði .....	127.788	5.017.881
Afborganir eftir 36-48 mánuði .....	98.695	106.814
Afborganir síðar .....	2.622.455	2.626.943
	8.492.108	8.654.093

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok tímabils stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

### 9. Atburðir eftir lok reikningsskiladag

Þann 3. október 2022 barst Ölgerðinni bréf frá tollgæslu Skattsins vegna fyrirhugaðar endurákvörðunar aðflutningsgjalda. Til skoðunar er tímabilið frá janúar 2017. Ef aðflutningsgjöld verða endurákvörðuð á þeim grunni sem tilgreindur er í bréfinu mun fjárhæð þeirra hækka sem nemur 153 mkr að viðbættu álagi og dráttarvöxtum, sú fjárhæð mun hafa áhrif á eigið fé Ölgerðarinnar. Áhrifin á EBITDA yfirstandandi fjárhagsárs eru áætluð neikvæð um 25 mkr. og munu koma fram á seinni hluta fjárhagsársins. Áhrif fyrirhugaðar endurákvörðunnar hafa ekki verið færð í árshlutareikninginn vegna óvissu um niðurstöðu.